

Nd. **669. Breytingartillaga** [8. mál]

við frv. til l. um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Frá menntamálaráðherra.

Við 4. gr. Liðir a—c orðist svo:

- a. Að vera miðstöð almennra vísindalegra rannsókna á náttúru Íslands, vinna að slíkum rannsóknum, samræma þær og efla.
- b. Að koma upp sem fullkornustu vísindalegu safni islenskra og erlendra náttúrugripa og varðveita það.
- c. Að koma upp sýningarsafni, er veiti sem gleggst yfirlit um náttúru Íslands og sé opið almenningi.